

## Uppbygging í Tungudal

Umsókn um uppbyggingarsamning vegna ársins 2020

Ákveðin óvissa ríkir um uppbyggingu skíðasvæðisins, sérstaklega í Tungudal, vegna verkefnis um hönnun svæðisins sem Ísafjarðarbær stendur nú í. Það er þó ljóst að halda verður áfram með uppbyggingu og vinnu við skíðasvæðið og horfum við þá sérstaklega til þess að fjármunum verði varið í Miðfellinu þar sem ljóst þykir að þeir nýtist sem best.

Lagt er til að farið verði í jarðvegsvinnu í brekkum í Miðfelli, er þar horft til þess að færa grjót, og vinna betur brautir svo minni snjó þurfi til að brekkur séu tilbúnar að vetri.

Jafnframt er lagt til að keyptur verði búnaður sem nýtist til æfinga og keppni, til dæmis vantar að fjárfesta í keilum, stöngum og starti.

### Kostnaður

Jarðvegsvinna		
	5 dagar * 30.000	1,200,000
	Efniskostnaður	300,000
Búnaðarkaup		500,000
	<b>Samtals</b>	<b>2,000,000</b>

Óskað er eftir að Ísafjarðarbær geri samning um uppbyggingu í Tungudal að upphæð 2.000.000 kr. vegna ársins 2020.

F.h. stjórnar Skíðafélags Ísfirðinga  
Díana Jóhannsdóttir, formaður.